

## Nám fyrir félagsliða veturinn 2011-2012

Félag íslenska félagsliða og Fræðslusetrið Starfsmennt hafa sett upp 5 stutt námskeið sem ætluð eru félagsliðum um allt land veturinn 2011-2012. Um er að ræða sjálfstæð námskeið sem félagsliðar geta valið úr eftir eigin áhugasviði og starfsvettvangi en flest námskeiðin byggja á upprifjun á fyrra námi og kynningum á þróun þjónustunnar, hérlandis sem og erlendis. Skráning fer fram hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt og er öllum félagsmönnum stéttarfélaga setursins að kostnaðarlausu en Félag íslenska félagsliða eða fræðslusjóðir eins og Sveitamennt og Ríkismennt kosta þátttöku sinna félagsmanna. Hvert námskeið verður kennt tvisvar á höfuðborgarsvæðinu og fjarkennt út á land s.s. til Ísafjarðar, Akureyrar, Húsavíkur, Hafnar í Hornafirði og á Selfoss. Námskeiðin verða haldin haustönn 2011 og vorönn 2012. Fyrsta námskeiðið hefst 14. desember 2011. Kennt verður frá kl. 17-20.

Námsþættir	Lengd
Aldraðir og lífsgæði	4 kennslustundir
Geðsjúkdómar-Hreyfihamlanir- Þroskaskerðing	4 kennslustundir
Starfsendurhæfing-Atvinna með stuðningi	4 kennslustundir
Aldraðir og heilabilun	4 kennslustundir
Sambyli og sjálfstæð búseta	4 kennslustundir
Alls	20 kennslustundir

### Aldraðir og heilabilun (4 kennslustundir)

#### Markmið

Að þátttakendur:

- kynnist helstu einkennum sem koma fram hjá einstaklingum með heilabilun og fái aukinn skilning á líðan þeirra.
- kynnist hugmyndum um minningavinnu.
- fái innsýn í umönnun og meðferð einstaklinga með heilabilun og hvaða þjónusta er í boði.

#### Námslýsing

Á námskeiðinu verður fjallað um sjúkdómsferlið og þær breytingar sem kunna að verða á líðan einstaklinga með heilabilun. Farið verður yfir helstu úrræði og meðferðarform. Fjallað

verður um minningavinnu og æviágrip, sem síðustu ár hafa verið að ryðja sér til rúms í umönnun einstaklinga með heilabilun. Einnig verður farið í mikilvægi hreyfingar og virkni, hvernig skapa megi aðstæður í umhverfinu sem hjálpa einstaklingnum að upplifa gleði og auka lífsgæði.

## **Aldraðir og lífsgæði (4 kst)**

### **Markmið**

Að þátttakendur:

- þekki öldrunarferlið í stórum dráttum og þær breytingar sem þá eiga sér stað.
- kynnist áhrifum helstu öldrunarsjúkdóma á lífsgæði og félagsleg tengsl.
- skilji þann mun getur verið á öldrun fólks með fötlun og þeirra sem ófatlaðir eru.
- kynnist þeirri þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita og ræði aðbúnað og aðstæður.
- kynnist helstu stefnumálum aldraðra til að efla lífsgæði og vellíðan.

### **Námslýsing**

Á námskeiðinu verður rætt um algengustu öldrunarsjúkdóma og áhrif þeirra á almenn lífsgæði, lífsstíl og þátttöku í samfélaginu. Gefið verður yfirlit yfir nokkrar stofnanir og félög sem sinna málefnum aldraðra og þeirra sem búa við skerta færni. Sérstaklega verður rætt um hvað greinir að öldrun fatlaðra og ófatlaðra. Áhersla er á áhrif félagslegra þátta eins og starfsloka, missis og breytinga á búsetu eða fjölskyldutengslum. Fjallað verður um hvort almenn öldrunarþjónusta mæti þörfum fólks með fötlun og hvort allir hafi greiðan aðgang að henni. Einnig verður sagt frá þróun þjónustu við aldraða á erlendum vettvangi og hvaða kenningar eru þar efst á baugi.

## **Geðsjúkdómar -Hreyfihamlanir-Þroskaskerðing (4 kst)**

### **Markmið**

- að þátttakendur kunni skil á flokkunarkerfi sjúkdóma, það er annars vegar sjúkdómar af andlegum toga (geðsjúkdómar, hegðunarraskanir og þroskafrávik) og hins vegar sjúkdómar af líkamlegum toga (ýmis konar hreyfihamlanir og stoðkerfisvandamál)
- að þátttakendur öðlist þekkingu og þjálfun á því hvernig þeir geti í starfi sínu tekist á við eða skilið ýmis geðræn og hegðunarvandamál skjólstæðinga sinna.
- veita þátttakendum undirstöðuþekkingu á sjúkdómum, meðferðarúræðum og samskiptum við aðstandendur.
- þátttakendur hafi forsendur til að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun eða glíma við sjúkdóma og virði manngildi þeirra.

### **Námslýsing**

Á þessu námskeiði verður umfjöllun um flokkunarkerfi sjúkdóma og hreyfihamlana. Umfjöllun verður um geðsjúkdóma, hegðunarraskanir, hreyfihamlanir og þroskafrávik. Markmiðið með námskeiðinu er að veita undirstöðuþekkingu á einkennum og

meðferðarúrræðum og samskiptum við aðstandendur. Einnig að ræða fordóma gagnvart sjúkdómum og fötlunum og leiðir til að sporna við þeim. Áhersla er lögð á að nemendur hafi forsendur til að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun, geti beitt gagnrýnni hugsun gagnvart framkvæmd þjónustunnar og virði manngildi þeirra sem nota þjónustuna. Að lokum verður umfjöllun um aðskilnað og samneyti einstaklinga sem hafa ólíka fötlun, eru með þroskafrávik eða eru með geðræn vandamál.

## **Sambýli-sjálfstæð búseta (4 kst)**

### **Markmið**

Að þátttakendur:

- þekki og rifji upp helstu úrræði á sviði búsetu, svo sem heimili fyrir börn, vistheimili, sambýli, sjálfstæð búseta, þjónustuíbúðir, kjarna.
- kynnist stefnumótun stjórnvalda og alþjóðlegra samtaka í þjónustu við fatlaða.
- kynnist hugmyndafræðinni um sjálfstæða búsetu og notendastýrða þjónustu.
- geri sér grein fyrir ólíkum sjónarmiðum við val á búsetu og stofnun heimilis fatlaðra einstaklinga.

### **Námslýsing**

Rifjuð eru upp helstu búsetuform sem fatlaðir einstaklingar geta nýtt sér, ákvarðanatekt og framkvæmd. Einnig er rætt um stefnur og strauma í mannréttindum fatlaðra einstaklinga og sagt frá innlendum áherslum. Ítrekað er mikilvægi aðstoðar til sjálfshjálpar og farið í þætti eins og einstaklingsmiðaða þjónustu, sjálfsákvörðunarrétt og trúnað. Fjallað um samvinnu starfsmanns og heimilismanns hvað varðar umönnun, aðstoð, heimilisverk, heimilisbrag þar sem virðing fyrir einkalífi íbúa er í öndvegi. Að auki verður fjallað um ágreining og ólíkar skoðanir er varða hugmyndafræði ýmiss konar búsetuúrræða fyrir fatlaða einstaklinga.

## **Starfsendurhæfing-Atvinna með stuðningi (4 kst)**

### **Markmið**

Að þátttakendur:

- Að nemendur kynnist almennu þjónustukerfi samfélagsins í atvinnumálum og fái yfirsýn yfir ríkjandi þjónustukerfi samfélagsins í atvinnumálum og fái yfirsýn yfir ríkjandi þjónustukerfi í atvinnumálum fatlaða.
- -Að nemendur þekki hvernig sótt eru um dagþjónustu/atvinnu í sértækri þjónustu við fatlaða.
- -Að nemendur þekki hvaða þjónustu boðið er upp á í einstökum þáttum sértækra þjónustu í atvinnumálum fatlaðra.
- -Að þekki til ýmissa úrræða til að mynda Atvinna með Stuðningi hjá Vinnumálstofnun og starfsemi hjá Virk-starfendurhæfing

## **Námslýsing**

Hlutverk vinnumálastofnunar og svæðismiðlana kynnt og áherslur sem þær hafa í sínum málaflokkum skoðaðar. Umfjöllun um átakið Atvinna með stuðningi sem Vinnumálastofnun heldur utan um. Ráðgjafar frá Virk-starfsendurhæfing kynna starfsemi sína, tilgangur starfsendurhæfingar og úrræði sem í boði eru fyrir skjólstæðinga Virk-starfsendurhæfingar.

Þjónustuferlinu lýst frá því að sótt er um þjónustu í félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og hvernig hún tengist svæðisskrifstofum fatlaðra. Hver og einn þjónustupáttur skoðaður, meðal annars dagvist/hæfing, verndaðir vinnustaðir, starfsþjálfun og atvinna með stuðningi.

